



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
Fornleifadeild

## Könnunarskurður og framkvæmdaeftirlit vegna fyrirhugaðra framkvæmda á hjúkrunarheimili við Heilbrigðisstofnun Húsavíkur



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

NV nr. 14-20

Október 2020

**Forsíðumynd:** Túngarður ofan við Heilbrigðisstofnun Húsavíkur

**EFNISYFIRLIT**

Grunnupplýsingar .....	4
Tæknileg atriði .....	5
2.1 Útdráttur .....	5
2.2 Forsaga rannsóknar .....	5
2.3 Stjórnarsýsla og fjármögnun .....	6
2.4 Aðrar almennar upplýsingar .....	6
2.5 Uppmælingarkerfi .....	6
2.6 Saga Húsavíkur .....	6
2.7 Aðferðir á vettvangi .....	7
Lýsing mannvirkja .....	7
3.1 Könnunarskurður í túngarð .....	8
3.2 Túlkun .....	10
3.3 Jarðvegskönnunarskurðir .....	10
3.4 Túlkun á jarðvegskönnunarskurðum .....	15
Niðurstöður .....	15
4.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) .....	17
4.2 Ljósmyndaskrá .....	18
4.3 Flæðirit (Harris Matrix) .....	22
Heimildarskrá .....	24

# 1 Grunnupplýsingar

**Rannsóknarnúmer: 202009-0113**

**ÞJMS-númer: 2020-60**

**Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun:**

**Fornleifa nr:** 2155-6

**Númer frá skrásetjara:** SP-313:157

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019. *Hjúkrunarheimili á Húsavík: Deiliskráning vegna ráðagerða um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í nágreni heilbrigðisstofnunar Húsavíkur*. Fornleifastofnun Íslands. FS776-19491.

**Stutt lýsing rannsóknar:** Rannsóknin fólst í framkvæmdaeftirliti og uppgreftri á könnunarskurði í túngarð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.

**Tegund rannsóknar** Framkvæmdarannsókn, Framkvæmdaeftirlit

## Staðsetning

Hvammur, Húsavík, Þingeyjarsýsla, Norðurland Eystra.

## GPS hnit

ISN93: A 575357, N 617980

## Leyfishafi

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

**Fjöldi starfsmanna:** 1 starfsmaður



## 2 Tæknileg atriði

### 2.1 Útdráttur

Framkvæmdarannsóknin fólst gerð könnunarskurðar í túngarð sem mun lenda undir nýbyggingu á lóðinni fyrir hjúkrunarheimilið Hvamm við Heilbrigðisstofnun Húsavíkur. Grafinn var 3. m langur skurður þvert á túngarðinn til að rannsaka umfang hans og til að aldursgreina hann. Kom í ljós að túngarðurinn hafði verið reistur ofan á röskuðu lagi með gjósku í þar sem túnsléttun hefur átt sér stað.

Á meðan fornleifafræðingur var við starfa á svæðinu var hafist handa við að grafa jarðvegskönnunarskurði. Talið var að um landnámsgjósku væri að finna í laginu undir túngarðinum og var því haft samband við Minjavörð Norðurlands Eystra vegna frekari aðgerða. Var því ákveðið að fornleifafræðingurinn á staðnum myndi hafa eftirlit með uppgreftri á jarðvegskönnunarskurðunum og skrá ef minjar væru að finna. Alls voru 6 könnunarskurðir grafnir á svæðinu, fimm smáir skurðir og einn langur.

Við frekari athuganir kom í ljós að ekki var um landnámsgjósku að ræða, heldur forsögulega gjósku.

Engar minjar fundust við eftirlitið á jarðvegskönnunarskurðunum. Raskaður jarðvegur með forsögulegri gjósku var beint undir yfirborðslaginu og gjóskulag H3 (Hekla 950 f.Kr) beint þar undir. Undir gjóskulaginu var náttúrulegur jarðvegur og neðst í skurðunum var móberg.

### 2.2 Forsaga rannsókna

Árið 2019 var svæðið skráð af Fornleifastofnun Íslands og kom sú skráning út í skýrslunni *Hjúkrunarheimili á Húsavík: Deiliskráning vegna Ráðagerða um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í nágrenni Heilbrigðisstofnunar Húsavíkur*. Í þeirri skráningu voru 12 minjar skráðar á svæðinu.<sup>1</sup>

Í umsögn Sædísar Gunnarsdóttur minjavörð Norðurlands Eystra frá Minjastofnun Íslands frá 3. september 2020 segir: „Með tölvupósti sendum 10. ágúst 2020 óskaði Sigurdís Sveinbjörnsdóttir, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu vegna uppbyggingar heilbrigðisstofnana á Húsavík, dagsett 3. júlí 2020. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið af Elínu Ósk Hreiðarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands ses.; Hjúkrunarheimili á Húsavík. Deiliskráning vegna ráðagerða um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í nágrenni Heilbrigðisstofnunar Húsavíkur, 2019 FS 776-19491. Skráðar minjar eru innan deiliskipulagssvæðisins og er gerð grein fyrir þeim á blaðsíðu 4 í skipulagslýsingunni. Bæði eru sýnilegar tóftir innan svæðisins sem og heimildir um minjar sem ekki sjást á yfirborði. Í skipulagslýsingu segir að þar sem endanleg hönnun hjúkrunarheimilis sé ekki tilbúin muni áhrif þess á minjar ekki liggja fyrir fyrr en tillaga um deiliskipulag verið tilbúin. Þar segir jafnframt að Minjastofnun muni fá tillöguna til umsagnar. Minjastofnun minnir á að taka þarf fullt tillit til minja við útfærslu skipulagsins auk þess að á skipulagsuppdrættinum þurfa útlínur skráðra minja koma fram með skýrum hætti, sem og

<sup>1</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019.

---

*punktur þar sem ekki sést til minja á yfirborði. Þegar tillaga deiliskipulags liggur fyrir getur minjavörður metið áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á minjar innan skipulagssvæðisins og þá hvort og þá til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.”<sup>2</sup>*

### 2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Kostnaðaráætlun fyrir verkið var gerð og send til Framkvæmdasýslu Ríkisins, þar sem hún var samþykkt og greiðist kostnaður af rannsókninni af þeim.

### 2.4 Aðrar almennar upplýsingar

Rannsóknin fór fram dagana 12-13. október 2020 og var framkvæmd af Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur fornleifafræðingi. Við uppgröft á skurðum var notast við JCB gröfu. Gröfumenn frá Vinnuvélum Eyþórs fá sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Gott veður var báða dagana, hlýtt og heiðskýrt. Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingafulltrúi, gaf leyfi landeiganda til fornleifarannsóknna fyrir hönd Norðurþings sem er landeigandi á svæðinu og jafnframt þátttakandi í fyrirhugaðri uppbyggingu.

### 2.5 Uppmælingarkerfi

Könnunarskurðir voru mældir upp með Trimble juno 5 uppmælingakerfi, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

### 2.6 Saga Húsavíkur

Húsavík er nefnt í Landnámubók og hafði þar Garðar Svavarsson vetursetur og Náttfari búið<sup>3</sup>. Húsavíkur bærinn hefur verið miðstöð þar sem sóknar kirkja var staðsett og var hreppurinn nefndur eftir henni. Búið var á svæðinu allt frá landnámi en er það ekki fyrr en á 16.öld sem Húsavík verður að verslunarstað<sup>4</sup>.

*Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt frá Húsavík: „Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki óviss, því staðurinn tíundast ekki. Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Magnús Einarsson. Landskuld er óviss, því staðurinn hefur ekki til leigu byggt, so menn viti. Kirkjukúgildi vi, og nýtur staðarhaldarinn ávaxtanna frí en ábyrgist að öllu. [...] Túninu spillir nokkuð lítið bæjarlækurinn með grjótsáburði. Engjar öngvar, fyrir utan hvað slá má á einnri lág upp frá túninu á fáeina hesta. Úthagarnir eru bjarglegir, ef þeir beittist ekki af hjeraðsmönnum sem sækja Húsavíkur kaupstað, hvörjir eð halda hjer í landinu margar nætur fjölda fjár og hesta, hvar af staðarhaldarinn líður stóran skaða og hagabrest fyrir sitt kvikje vetur og sumar”<sup>5</sup>.*

Í *Jarðatali Johnsens frá 1847* segir að jörðin er talin 20 hundruð að dýrleika og að: „A.M telur hér að auki með Húsavík eyðihjáleiguna Péturssel”<sup>6</sup>.

---

2 MÍ202008-0012/ 9.09/ SG

3 Íslenskt Fornbréfasafn I: 35.

4 Karl Kristjánsson. 1981: 37

5 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943.

6 J. Johnsen. 1847.

## 2.7 Aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina var notuð grafa til að taka könnunarskurðina og var breidd á skóflu 1,5 m. Snið skurðanna voru hreinsuð og myndir teknar. Jarðvegskönnunarskurðir víðsvegar um svæðið voru sumir djúpir og var ekki hægt að komast niður í suma þeirra til þess að hreinsa snið.

Könnunarskurðurinn í túngarðinn var 3 m langur. Jarðvegskönnunarskurðirnir sex voru staðsettir víðsvegar um svæðið.

Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10.

Breytingar urðu á rannsóknaráætlun og var hún gerð í samráði við minjavörð Norðvesturlands Eystra, sem var upplýst um allar framkvæmdir á svæðinu.

## 3 Lýsing mannvirkja

Túngarðurinn, sem sótt var um leyfi til að rannsaka, var skráður árið 2019 af Fornleifastofnun Íslands. Garðurinn tilheyrði jörðinni Húsavík og var hann hluti af heimatúni þess. Garðurinn liggur í NNA-SSV og hallar niður í brekkuna að Sjúkrahúsi Húsavíkur. Túngarðurinn er merktur inn á Túnakort frá árinu 1919 þar sem hefur verið girt af tún, á milli núverandi húsa á Auðbrekku 8 og Skálabrekku 19. Innanmál túnsins í dag er um 100 x 100 m á stærð, en hefur verið stærri til suðvesturs þar sem spítalinn er. Garðuin er sjáanlegur á loftmyndum en hann hefur raskast við byggingar og framkvæmdir sem hafa farið fram á svæðinu. Á yfirborði er túngarðurinn sem var rannsakaður um 1 m á breidd og 0,70 mm á hæð. Svæðið er mikið grasi gróið og er stór hluti þess komið undir skórægt.

Túngarðurinn er staðsettur í um 20 m norðaustan við heimild um býlið Brekkubæ (2155-12) sem er horfið vegna framkvæmda.<sup>7</sup>

---

<sup>7</sup> Karl Kristjánsson. 1981:164



Mynd 1. Staðsetning könnunarskurðar í túngarð og jarðvegskönnunarskurða 1-6.

### 3.1 Könnunarskurður í túngarð

Grafinn var skurður (3 x 1,5 m) þvert á túngarðinn SSV megin þar sem hann mun fara undir framkvæmdir fyrir hjúkrunarheimilið. Skurðurinn var grafinn niður í náttúrulegan jarðveg með gröfu og svo snið skurðarins hreinsuð. Samkvæmt teikningum frá Framkvæmdasýslu Ríkisins átti skurðurinn að vera 5. m langur. Vegna rafstrengs sem lá samhliða og um 1,5 m vestur af túngarðinum var ákveðið að stytta skurðinn um 2 metra til að vera í öruggri fjarlægð frá rafstrengingum.

Efst var yfirborðslag [101], millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,30 m þykkt þar sem þar var þykkast. Beint undir því var túngarður [102], mjög laust rauðbrúnt torf með skellum af gjósku H3 (Hekla frá 950 f.kr) í torfinu. Linsa af torfi með H3 gjósku í var neðst í túngarðinum. Túngarðurinn var um 0,52 m á hæð og 1,65 m á breidd með líklegu hruni úr veggjum. Ekki var hægt að greina á milli hruns og veggjar og þau því teiknuð og mæld upp saman. Undir torfveggnum var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var fínn grágrænn brúnn blandaður jarðvegur um 0,18 m þykkt. Undir því var svo blandaður jarðvegur [104], sem var um 0,17 m þykkur siltaður og sendinn jarðvegur með gjósku blandað við. Þetta lag var svipað á litinn og [103] en örlítið brúna. Beint undir þessu lagi kom svo gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var 0,10 m þykk ljósgulbrún



sendin gjóska. Neðst í könnunarskurðinum og undir H3 [105], var náttúrulegur jarðvegur [106] sem var ljós rauðbrúnn finn siltaður sandur.



*Mynd 2. Snið á könnunarskurði í túngarð, snýr í norðaustur.*




*Mynd 3. Snið á könnunarskurði í túngarð, snýr í suðvestur.*

### 3.2 Túlkun

Ljóst er að túngarðurinn hefur verið reistur ofan á röskuðu jarðlagi með forsögulegri gjósku [103]. Ekki var að sjá jarðveg á milli túngarðs [102] og lagi [103]. Túngarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1919 er líklegt að aldur túngarðsins sé ekki eldri en frá 19.öld þar sem túnið hefur verið sléttað áður en hann var reistur. Garðurinn hefur verið reistur úr torfi en engir steinar voru að finna við uppgröftinn. Erfitt var að sjá hvernig torfskurður torfsins var, þar sem torfið í veggnum var mjög laust í sér og erfitt var að hreinsa hann til. Túngarðurinn hefur verið afgirtur í hlíðinni og er líklegt að innan hans væru minjar. Engir gripir eða kolasmít voru að finna í skurðinum og engin sýni tekin.

Snið í garð aftan við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík



Mynd 4. Teikning af sniði í túngarð, snýr í norðaustur.

### 3.3 Jarðvegskönnunarskurðir

Vegna breytinga á rannsóknaráætlun var framkvæmdaeftirlit á sex jarðvegskönnunarskurðum innan afgirta túnsins. Skurðirnir voru grafnir niður á móbhelli sem er undir svæðinu fyrir jarðfræðinga til að skoða. Skurðirnir voru á bilinu 1-1,60 m á dýpt og var ekki hægt að komast niður í skurði 2, 3 og 5 vegna dýptar og óstöðuleika jarðvegs.

#### 3.3.1 Skurður 1

Skurður 1 var staðsettur um 30 m í norðvestur af könnunarskurði í túngarðinn. Skurðurinn var um 35 m langur, 1,70 m á breidd og 1,60 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Efst var yfirborðslag [101] sem var

millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,20 m þykkt. Beint undir því og örlítið blandað saman við yfirborðið var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var finna grágrænn brúnn blandaður jarðvegur um 0,20 m þykkt. Undir því var gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var um 0,05 m þykk ljósgulbrún sendin gjóska. Undir H3 [105], var náttúrulegur jarðvegur [106] sem var um 0,60 m á þykkt og var ljós rauðbrúnn finna



Mynd 5. Vinnumynd af skurði 1.

siltaður sandur. Undir því var svo grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur [107]. Neðst í skurðinum var svo móhellan [110].



Mynd 6. Snið í skurði 1.

### 3.3.2 Skurður 2

Skurður 2 var staðsettur um 23 m í norðvestur af könnunarskurði í túngarðinn. Skurðurinn var um 2,5 m langur, 1,5 m á breidd og 1,50 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Efst var yfirborðslag [101] sem var millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,20 m þykkt. Beint undir því og örlítið blandað saman við yfirborðið var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var finna grágrænn brúnn blandaður jarðvegur um 0,20 m þykkt. Undir því var gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var um 0,15 m þykk ljósgulbrún sendin gjóska. Undir H3 [105], var náttúrulegur jarðvegur [106] sem var um 0,35 m á þykkt og var ljós rauðbrúnn finna siltaður sandur. Undir

Því var svo grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur [107]. Neðst í skurðinum var svo móhellan [110].



Mynd 7. Snið í skurði 2.

### 3.3.3 Skurður 3

Skurður 3 var staðsettur um 50 m í norðvestur af könnunarskurði í túngarðinn. Skurðurinn var um 2,5 m langur, 1,5 m á breidd og 1,60 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Efst var yfirborðslag [101] sem var millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,25 m þykkt. Beint undir því og örlítið blandað saman við yfirborðið var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var finna grágræn brúnn blandaður jarðvegur um 0,15 m þykkt. Undir því var gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var um 0,10 m þykk ljósgulbrún sendin gjóska. Undir H3 [105] var náttúrulegur jarðvegur [106] sem var um 0,50 m á þykkt og var ljós rauðbrúnn finna siltaður sandur. Undir því var svo grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur [107]. Neðst í skurðinum var svo móhellan [110].



Mynd 8. Skurður 3. Ekki var hægt að komast niður í skurðinn vegna dýptar og óstöðuleika jarðvegs.

### 3.3.4 Skurður 4

Skurður 4 var staðsettur um 60 m í norðvestur af könnunarskurði í túngarðinn. Skurðurinn var um 4 m langur, 2 m á breidd og 1,60 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Efst var yfirborðslag [101] sem var millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,20 m þykkt. Beint undir því og örlítið blandað saman við yfirborðið var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var fínn grágrænn brúnn blandaður jarðvegur um 0,20 m þykkt. Undir því var gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var um 0,05 m þykk ljósgulbrún sendin gjóska. Undir H3 [105] var náttúrulegur jarðvegur [106] sem var um 0,60 m á þykkt og var ljós rauðbrúnn fínn siltaður sandur. Undir því var svo grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur [107]. Neðst í skurðinum var svo móhellan [110].



Mynd 9. Snið í skurði 4. Hægt er að sjá raskaðan jarðveg með forsögulegri gósku rétt undir yfirborðinu og H3 gjósku þar undir.

### 3.3.5 Skurður 5

Skurður 5 var staðsettur um 20 m í norðaustur af könnunarskurði í túngarðinn. Skurðurinn var um 3,2 m langur, 1,7 m á breidd og 1,60 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Efst var yfirborðslag [101] sem var millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Lagið var um 0,20 m þykkt. Beint undir því og örlítið blandað saman við yfirborðið var raskaður jarðvegur með gjósku [103] sem var fínn grágrænn brúnn blandaður jarðvegur um 0,15 m þykkt. Undir því var gjóskulag H3 [105], sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. og var um 0,15 m þykk ljósgulbrún sendin gjóska. Undir H3 [105] var

náttúrulegur jarðvegur **[106]** sem var um 0,40 m á þykkt og var ljós rauðbrúnn fínn siltaður sandur. Undir því var svo grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur **[107]**. Neðst í skurðinum var svo móhellan **[110]**.



*Mynd 10. Snið í skurði 5. ekki var hægt að komast niður í skurðinn vegna dýptar.*

### 3.3.6 Skurður 6

Skurður 6 var staðsettur neðst í túninu og um 20 m suðvestan við könnunarskurð í túngarðinn. Skurðurinn var 2 m á lengd, 1,5 m á breidd og 1 m á dýpt. Efst var yfirborðslag **[101]** sem var 0,10 m þykkt millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið. Þar fyrir neðan var blandað innflutt efni **[108]** sem var 0,40 m þykkt grátt sendinn jarðvegur með mikið af smáum steinum. Þar fyrir neðan var lag **[109]**, sem var 0,10 m þykkt svartur sandur. Undir því var grár malarkenndur sendinn náttúrulegur jarðvegur **[107]** sem var um 0,40 m þykkur. Neðst í skurðinum var svo móhellan **[110]**.



Mynd 11. Snið í skurði 6. Þar sjást innflutt blandað efni ofan á lagi af svörtum sandi og þar undir náttúrulegur jarðvegur.

### 3.4 Túlkun á jarðvegskönnunarskurðum

Engin merki voru að finna um minjar í skurðinum þar sem yfirborðslagið lá beint ofan á og blandað við raskaðan jarðveg með forsögulegri gjósku. Ekki var hægt að sjá jarðveg á milli yfirborðslags og jarðvegs með gjósku í, þar sem jarðlögin virtust vera blönduð saman á sumum stöðum. Einnig var ekki vottur að finna af vindbornu kolasmíti sem er oft að finna í túnnum nálægt byggð. Gjóskulagið H3 var í öllum skurðum, nema skurði 6, og var það að finna á um 0,20-0,50 m dýpt. Þar sem H3 gjóskan var svo ofarlega í skurðunum og jarðlag með forsögulegri gjósku var rétt undir yfirborðslagi er hægt að túlka það svo að jarðvegurinn á þessu svæði sé raskaður, líklega vegna túnasléttunar í seinni tíð.

## 4 Niðurstöður

Niðurstöður á könnunarskurðinum á túngarðinum sýndu fram á fornleifar sem hafa verið reistar á röskuðu jarðlagi með forsögulegri gjósku blandað við. Túngarðurinn var reistur eftir að tún var sléttað og var í notkun árið 1919 samkvæmt túnakorti. Aldur túngarðsins er því líklega frá 19-20. öld. Engin merki voru um að garðurinn hafi verið lagaður eða endurgerður og bendir það til þess að hann hafi ekki verið lengi í notkun.

Við fyrstu athuganir var haldið að landnámsgjóska væri í jarðlagi [103] en þar sem H3 var beint undir henni var gjóskan í laginu túlkuð sem forsöguleg gjóska en ekki landnámsgjóska. Ekki sást í gjósku frá árinu 1104 (Hekla) sem finnst víða á Norðurlandi, og því líklegast að túnið hefur verið sléttað og þau jarðlög horfin.

Engar óskráðar minjar voru að finna við framkvæmdaefirlitið. Gjóskulög voru ofarlega undir yfirborði og náttúrulegur jarðvegur beint þar undir.

Þar sem skurðir voru teknir víðsvegar um svæðið og engar vísbendingar um byggð var að finna innan túnsins telur fornleifafræðingur sem var á svæðinu að ekki þurfi frekari eftirlit við framkvæmdir.



#### 4.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
101	Yfirborðslag	13.10.2020	KSR	Millibrúnn laus jarðvegur með mikið af rótum og mikið ormétið.
102	Túngarður	13.10.2020	KSR	Túngarður, mjög laust rauðbrúnt torf með skellum af gjóskulögum H3 (Hekla frá 950 f.kr)
103	Raskaður jarðvegur með gjósku	13.10.2020	KSR	Raskaður jarðvegur með gjósku, siltaður og sendinn fínn grágrænn brúnn blandaður jarðvegur
104	Blandaður jarðvegur með gjósku	13.10.2020	KSR	Blandaður jarðvegur með gjósku, siltaður og sendinn fínn grágrænn brúnn blandaður jarðvegur. Svipað og [103] en aðeins brúnna.
105	H3 gjóska	13.10.2020	KSR	Gjóskulag H3 sem er forsöguleg gjóska úr Heklu frá um 950 f. Kr. ljósgulbrún sendin gjóska.
106	Náttúrulegur jarðvegur	13.10.2020	KSR	Náttúrulegur jarðvegur sem var ljós rauðbrúnn fínn siltaður sandur.
107	Náttúrulegur jarðvegur	13.10.2020	KSR	Náttúrulegur jarðvegur sem var grár malarkenndur sendinn jarðvegur.
108	Blandaður innfluttur jarðvegur	13.10.2020	KSR	Blandað innflutt efni sem var grár sendinn jarðvegur með mikið af smáum steinum.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
109	Svart lag	13.10.2020	KSR	Svartur finn sandur. Líklega innflutt efni.
110	Móhella	13.10.2020	KSR	Móhella, grátt fast efni.

## 4.2 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynd nr.	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
1	3212	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
2	3213	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
3	3214	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
4	3215	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
5	3216	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
6	3217	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
7	3218	KSR	13.10.2020	Túngarður fyrir uppgröft
8	3219	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
9	3220	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
10	3221	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
11	3222	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
12	3223	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
13	3224	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
14	3225	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
15	3226	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
16	3227	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
17	3228	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
18	3229	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur

Nr.	Mynd nr.	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
19	3230	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
20	3231	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
21	3232	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í norðaustur
22	3234	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
23	3235	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
24	3236	KSR	13.10.2020	Snið á túngarði, snýr í suðvestur
25	3237	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
26	3238	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
27	3239	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
28	3240	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
29	3241	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
30	3242	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
31	3243	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
32	3244	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
33	3245	KSR	13.10.2020	Könnunarskurður í túngarð, yfirlitsmynd
34	3246	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
35	3247	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
36	3248	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1

Nr.	Mynd nr.	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
37	3249	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
38	3250	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
39	3251	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
40	3252	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
41	3253	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
42	3254	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
43	3255	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
44	3256	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
45	3257	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
46	3258	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
47	3259	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
48	3260	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
49	3261	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
50	3262	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
51	3263	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
52	3264	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
53	3265	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
54	3266	KSR	13.10.2020	Snið í skurði 1
55	3267	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
56	3268	KSR	13.10.2020	Vinnumynd skurður 1
57	3269	KSR	13.10.2020	Snið i skurði 2
58	3270	KSR	13.10.2020	Snið i skurði 2
59	3271	KSR	13.10.2020	Snið i skurði 2
60	3272	KSR	13.10.2020	Snið i skurði 2
61	3273	KSR	13.10.2020	Skurður 2 yfirlitsmynd

Nr.	Mynd nr.	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
62	3274	KSR	13.10.2020	Skurður 3, yfirlitsmynd
63	3275	KSR	13.10.2020	Skurður 3, yfirlitsmynd
64	3276	KSR	13.10.2020	Skurður 3, yfirlitsmynd
65	3277	KSR	13.10.2020	Skurður 3, yfirlitsmynd
66	3278	KSR	13.10.2020	Skurður 3, yfirlitsmynd
67	3279	KSR	13.10.2020	Skurður 4, yfirlitsmynd
68	3280	KSR	13.10.2020	Snið skurður 4
69	3281	KSR	13.10.2020	Snið skurður 4
70	3282	KSR	13.10.2020	Snið skurður 4
71	3283	KSR	13.10.2020	Skurður 4, yfirlitsmynd
72	3284	KSR	13.10.2020	Skurður 4, yfirlitsmynd
73	3285	KSR	13.10.2020	Skurður 4, yfirlitsmynd
74	3286	KSR	13.10.2020	Skurður 5, snið
75	3287	KSR	13.10.2020	Skurður 5, snið
76	3288	KSR	13.10.2020	Skurður 5, yfirlitsmynd
77	3289	KSR	13.10.2020	Skurður 5, yfirlitsmynd
78	3290	KSR	13.10.2020	Skurður 5, yfirlitsmynd
79	3291	KSR	13.10.2020	Skurður 5, yfirlitsmynd
80	3292	KSR	13.10.2020	Snið skurður 6
81	3293	KSR	13.10.2020	Snið skurður 6
82	3294	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd
83	3295	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd
84	3296	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd
85	3297	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd
86	3298	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd
87	3299	KSR	13.10.2020	Skurður 6, yfirlitsmynd

### 4.3 Flæðirit (Harris Matrix)


#### 4.3.1 Könnunarskurður í túngarði



#### 4.3.2 Skurðir 1-5



#### 4.3.3 Skurður 6



---

## Heimildarskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1980-1990. *Jarðabók Árna Magnússonar & Páls Vídalíns (11.bindi). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag. Sögufélag umboð. Reykjavík.*

Bréf Minjastonunar. 3.september 2020 MÍ202008-0012/ 9.09/ SG

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019. *Hjúkrunarheimili á Húsavík: Deiliskráning vegna réðagerða um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í nágrenni heilbrigðisstofnunar Húsavíkur. Skýrsla Fornleifastofnunar: FS776-19491. Reykjavík.*

*Íslensk Fornrit I - Íslendingabók Landnámabók.* 1933. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Hið Íslenska Fornritafélag. Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn

Karl Kristjánsson. 1982. *Saga Húsavíkur.* Húsavíkurkaupstaður. Húsavík